



Heilbrigðisráðuneytið

postur@hrn.is

Reykjavík, 23.apríl 2021

Hinn 9. apríl sl. birtust á www.samradsgatt.is drög að (5.) breytingu á reglugerð nr. 1255/2018 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ).

Stjórn Læknafélags Reykjavíkur (LR) telur reglugerðina sem í gildi er og reglugerðardrögin skorta lagastoð. Vegna þessa vill stjórn LR koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008 tryggja sjúkratryggðum ákveðna heilbrigðisþjónustu. Í 39. gr. laganna kemur skýrt fram að ábyrgðin á því að semja liggur hjá SÍ.

Stjórn LR lýsir fullri ábyrgð á hendur SÍ og heilbrigðisráðherra að ekki hafi náðst samningar um starfsemi sérfræðilækna eftir að þeir runnu út 31. desember 2018.

2. Samningsleysi við veitendur heilbrigðisþjónustu má aldrei leiða til þess að sjúkratryggðir séu sviptir lögvörðum rétti til þjónustu sem þeim er tryggð samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

Í 38. gr. laganna eru því fyrirmæli um að í samningleysi skuli SÍ **endurgreiða** sjúkratryggðum **útlagðan** kostnað vegna heilbrigðisþjónustu samkvæmt gjaldskrá og um framkvæmdina er sett reglugerð. Skilyrði endurgreiðslunnar ættu að vera lögmæt, tengjast þjónustunni og snúa að hinum sjúkratryggða og hagsmunum hans.

Þann 21. desember 2018 setti heilbrigðisráðherra reglugerð nr. 1255/2018 um þessa endurgreiðslu. Hún hefur verið framlengd fjórum sinnum, síðast til 30. apríl 2021.

3. Í reglugerð nr. 1255/2018 setur ráðherra það skilyrði að lækarnir innheimti hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna þjónustunnar frá SÍ. Þetta skilyrði gengur í berhöggi við fyrirmæli 38. gr. laganna um að SÍ skuli samkvæmt gjaldskrá **endurgreiða** sjúkratryggðum **útlagðan** kostnað.

Í sömu reglugerð setti ráðherra ákvæði um eftirlit með starfsemi sérgreinalækna. Á þeim tíma var ekki heimild í lögum um sjúkratryggingar til SÍ, um slíkt eftirlit, ef ekki var samnings samband við þjónustuveitandann. Sett var lagaheimild fyrir því með lögum nr. 92/2020 um breytingu á lögum nr. 112/2008, sem tóku fyrst gildi 22. júlí 2020, einu og hálfu ári eftir að reglugerðin var sett.

Í báðum ofangreindum atriðum var því reglugerð nr. 1255/2018 í andstöðu við lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins. Fyrir hvorugu þessara ákvæða var viðhlítandi lagastoð. Bætt hefur verið úr lagastoð fyrir eftirlitinu en fyrirkomulag greiðsluþátttöku SÍ er enn ekki í samræmi við 38. gr. laganna, og stenst því ekki lögin um sjúkratryggingar.

4. Í samráðsgátt eru nú drög að (5.) breytingu á reglugerð nr. 1255/2018. Óbreytt er í drögunum það fyrirkomulag að sérgreinalæknar eiga að innheimta hlut sjúklinga hjá SÍ þó engin lagastoð sé fyrir því fyrirkomulagi. Til viðbótar ætlar ráðherra að setja þrjú ný skilyrði fyrir réttindagreiðslum sjúkratryggðra frá SÍ í þessum tilvikum:

- a. Sjúkratryggðir munu ekki njóta lögvarins réttar til endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sérgreinalækna ef læknarnir innheimta eða taka önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í gjaldskrá SÍ.

Fyrir liggur að SÍ hafa ekki hækkað gjaldskrá vegna þessarar þjónustu frá 1. janúar 2020. Frá þeim tíma hefur launavísitalan hækkaði um liðlega 10% og sérgreinalæknar því orðið að setja eigin gjaldskrá til að bregðast við því.

Gjaldskrá SÍ, þegar ekki er í gildi samningur, á einvörðungu að snúa að endurgreiðslunni til sjúkratryggðra en ekki stýra því hvað sérgreinalæknar innheimta fyrir þjónustu sína.

- b. Sjúkratryggðir munu ekki njóta lögvarins réttar til endurgreiðslu vegna þjónustu sérgreinalækna nema læknarnir skili upplýsingum í samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga skv. 2. mgr. 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu.

Engin lagastoð er fyrir því að gera sjúkratryggða ábyrga fyrir því að sérgreinalæknar skili þessum upplýsingum, né hafa þeir möguleika á að hafa áhrif á það.

Um árabíl hefur verið ágreiningur um skil þessara upplýsinga, sem sendar eru á persónugreinanlegu formi án samþykkis sjúklings. Persónuvernd sendi frá sér álit í maí 2020 (<https://www.personuvernd.is/urlausnir/alit-2>) um að stofnunin telur skýrari lagaákvæði þurfa um upplýsingar sem embætti landlæknis krefst af sérgreinalæknum.

- c. Sjúkratryggðir munu ekki njóta lögvarins réttar til þjónustu sérgreinalækna nema læknarnir skili SÍ endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan.

Engin lagastoð er í dag fyrir slíkum reikningsskilum og eðlilegt verður að teljast að ef gera á breytingar á lögum sem um þetta gilda sé jafnræðis gætt. Löggjafinn gæti þá breytt lögum og skyldað öll fyrirtæki sem selja ríkinu vörur eða þjónustu til að skila ársreikningum til ríkisins á sama hátt.

Að ársreikningaskil ári eftir að þjónusta hefur verið veitt sjúklingi hafi áhrif á tryggingarétt sjúkratryggðs afturvirkir er óskynsamlegt. Sjúklingur hefur heldur engan möguleika á að hafa áhrif á slík skil. Hvernig ætti framkvæmd slíks að vera? Yrði sjúklingur þá rukkaður afturvirkir ári síðar ef læknir skilar ekki ársreikningi? Hver yrðu áhrif af þessu á stöðu sjúklings í greiðsluþáttökukerfinu og útreikningum í því?

5. Að lokum virðast sum þessi skilyrði brjóta í bága við rétt sjúklinga til að velja sér heilbrigðisstarfsmann sem er tryggður í 20. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, þar sem atriði sem ekki tengjast þjónustunni eða snúa að hinum sjúkratryggða eiga að ákvarða réttinn á lögvarinni réttindagreiðslu frá SÍ vegna þjónustu sérgreinalækna.

Þau skilyrði sem heilbrigðissráðherra hyggst setja samkvæmt reglugerðardrögum þessum gætu hindrað að sjúkratryggðir fái lögvarða þjónustu og réttindagreiðslur og hafa að því er virðist enga lagastoð í mörgum atriðum. Stjórn LR telur óskynsamlegt að setja slíka reglugerð og hvetur heilbrigðisráðherra til að setja reglugerð sem styðst betur við lög en bæði reglugerðardrögin sem hér eru kynnt og reglugerðin sem nú þegar er í gildi.

Virðingarfyllst,
fh. Læknafélags Reykjavíkur



Þórarinn Guðnason, formaður.